

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. júní 2009

Málefni: Umsögn um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, 34.mál, frístundaveiðar, handfæraveiðar o.fl.

Vísað er til bréfs sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar sent til Samtaka fiskvinnslustöðva til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða.

Almennt

Samtök fiskvinnslustöðva (SF) gera heilmiklar athugasemdir við frumvarpið. Grundvallartryði er að sömu reglur gildi fyrir alla sem stunda veiðar úr auðlindinni. SF telur afar óráðlegt og er alfarið á móti því, að opna fiskveiðikerfið eins og fyrirhugað er með ofangreindu frumvarpi.

Ólympiskar veiðar eða frjálsar strandveiðar með aflamarkspaki sem nemur allt að 4667 tonnum frá 1. júní til 31. ágúst er skref „aftur á bak“ til fortíðar. Frumvarpið opnar á fyrirsjáanlega og kunnuglega veikleika í fiskveiðistjórnarkerfinu sem eru m.a. aukið brottkast, lélegri hráefnissgæði, kapphlaup um hámarks afla sem leiðir til verðminni afurða.

Verði frumvarpið að lögum er ekki verið að ráðstafa hluta auðlindarinnar á skynsamlegan hátt, þ.e. að allur afli verði nýttur með hámarksarðsemi þjóðarbúinu til heilla.

Einstaka greinar

1. gr. Óráðlegt er að heimila veiðar í fræðsluskyni umfram þær veiðar sem tíðkast í dag og eru í umsjá Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands.
2. gr. SF er alfarið á móti því að mismuna atvinnugreinum eins og frumvarpið gerir ráð fyrir og grundvallartryði er að sömu reglur gildi fyrir alla sem hagnýta fiskimiðin í atvinnuskyni.

Ákvæði til bráðabirgða. I.

Frjálsar handfæraveiðar, strandveiðar á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst.

SF telur óráðlegt og óskynsamlegt að opna fiskveiðistjórnkerfið með þessum hætti og úthluta 4667 tonnum af afla, þar af 3955 tonn af þorski, til frjálsar strandveiða með handfærum. SF telur að sömu reglur eigi að gilda um þessar veiðar eins og um aðrar atvinnuveiðar.

Varðandi fyrirhuguð skilyrði, 1 – 6 sem sett verða í frumvarpinu gerir SF eftirfarandi athugasemdir:

1. Til að landaður afli strandveiðibáta nái lágmarks hráefnisgæðum þyrfti að banna veiðar föstudaga, laugardaga og sunnudaga, því afli landaður á sunnudegi yrði mögulega slægður á mánudegi og afli á föstudegi yrði slægður, annað hvort í yfirvinnu samdægurs eða á laugardegi.
5. SF hefur áhyggjur að meðafli sem er umfram viðmiðunarmörk verði kastað fyrir borð og fari afli yfir það hámark sem sett verður muni ódýrasti fiskurinn hverfa fyrir borð.

Ákvæði til bráðabirgða. II.

Í frumvarpsdrögum er ákvæði um kvótasetningu á gullkarfa og djúpkarfa. Karfa sem landað er til vinnslu á Íslandi er að megin hluta til gullkarfi. Þess vegna er mikilvægt, verði frumvarpið að lögum, að úthlutað verði karfa, þ.e. gullkarfa eða djúpkarfa á einstök skip samkvæmt veiðireynslu þeirra.

Virðingarfyllt,

F.h. Samtaka fiskvinnsluöðva



Guðbergur Rúnarsson